# Framvinduskýrsla umbóta ytra mats frá hausti 2020

## Stjórnun og fagleg forysta

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hefst | Lýkur | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Starfsáætlun skólaráðs þarf að gera fyrir skólaárið 2021-2022 | Skólatjóri og skólaráð vinna saman að starfsáætlun. | Október 2021 | Desember 2021 | Skólastjóri | Lokið/ólokið<br><br>Lokið | Lokið. Starfsáætlun skólaráðs er að finna á heimasíðu skólans og starfsáætlun Auðarskóla 2022-2023 mun birtast í 28.10.2022 á nýrri heimasíðu. | Lokið. Starfsáætlun skólaráðs er í vinnslu. Fyrsti fundur skólaráðs 2023-2024 verður í nóv 2023. Starfsáætlun send út í fundarboði-Rædd á fundi. Sett á heimasíðu skólans í kjölfarið. |
| | Skólaráð haldi formlegan fund fyrir skólasamfélagið samkvæmt reglugerð þar um. | Skólaráð, sem kosið er til tveggja ára, sjái til þess að fundur verði haldinn með foreldrum á hverju skólaári. Fundargerðir skólaráðs verða birtar sem fyrst að loknum fundum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Lokið/ólokið<br><br>Lokið | Í vinnslu. Sjá starfsáætlun skólaráðs. Fjórir skipulagðir fundir haldnir á síðasta skólaári. Fundargerðum haldið til haga og birtar. 2 af 4 á síðasta ári á heimasíðu skólans. | Skólaráð hefur ekki haldið formlegan fund f. Foreldra. Margir fundir þó haldnir með foreldrum sem tengjast skólaþróun, nýjum kennsluháttum, o.s.frv. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun og fagleg forysta | Huga þarf að aðkomu hagsmunaðila svo sem skólaráðs við stefnumótun skóla og sveitarfélags og kynna sýn og stefnu fyrir hagsmunaaðilum. | Skólastjóri og skólaráð gera áætlun um hvernig kynna megi sýn og stefnu skólans. Tengist innleiðingu jákvæðrar skólafærni. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Skólaráð metur/Innra mat 2023-2024 | Helst í hendur við starfsáætlun skólaráðs. Skólaráð og skólastjóri funda í nóvember 2022 og þar verður farið í innleiðingaráætlun 7 venja til handa foreldrum. | Skólaráð fær öll mál sem varða starfsemi skólans til kynningar og umsagnar. Skólaráð fær næg tækifæri til að koma ábendingum, athugasemdum og hugmyndum á framfæri. Fulltrúar skólaráðs hvattir til að senda erindi á skólastjóra fyrir fundi. Erindi ávallt tekin upp á fundum ef erindi berast. Allt opið og engin fyrirstaða. |
| | Séð verði til þess að fulltrúar grenndarsamfélagsins séu virkir þátttakendur í skólaráði og á öðrum þeim vettvangi sem býðst. | Skólastjóri og skólaráð gera áætlun um að virkja íbúa Dalabyggðar til starfa í skólaráði og í öðru sem skólastarfið varðar. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Skólaráð metur/Innra mat 2021-2022 | Í vinnslu og tengist starfsáætlun skólaráðs. | Enginn hefur verið veiddur í þetta hlutverk og ekki farið formlega í að fá neinn úr grenndarsamfélaginu í hópinn. |
| | Samskipti við grenndarsamfélagið þurfa að vera skráð. | Skrá tengsl við grenndarsamfélags í fundargerðum skólaráðs og í starfsáætlun. | Ágúst 2021 | Desember 2021 | Skólaráð og Matsteymi | Birtist í starfsáætlun 2021-2022 | Lokið. Birt í starfsáætlun Auðarskóla 2022-2023. | Verður birt í starfsáætlun Auðarskóla 2023-2024. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Huga að aðkomu hagsmunaaðila við endurskoðun skólareglna. | Koma á rýnihóp foreldra, kennara og nemenda í samstarfi við skólaráð þar sem skólareglur verða ákveðnar í sameiningu. | Skólaárið 2021-2022 | Maí 2022 | Matsteymi/ Skólastjóri | Lokið/ólokið - Innra mat 2021-2022 (Starfsskipulag) | Í vinnslu og tengist starfsáætlun skólaráðs. | Vinna við nýjar skólareglur hafnar. Eru enn á borði starfsfólks grunnskóla. Munu verða kynntar fyrir skólaráði og fræðslunefnd. Munu settar í hendur skólaþjónustu Ásgarðs. Helst í hendur við gerð Menntastefnu Dalabyggðar sem er í drögum og verður klárað fyrir áramót 2023-2024. Helst í hendur við vinnu með skólaþjónustu Ásgarðs. |
| | Vinna þarf með einkunnarorð og sérstöðu skólans á þann hátt að þau séu öllum hagsmunaaðilum ljós. | Gera einkunnarorð sýnilegri í starfi skólans og tengja þau enn meir markmiðum skólans og námsárangri. | Skólaárið 2022-2023 | Skólaárið 2022-2023 | Matsteymi/ Skólastjóri | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) | Í vinnslu. Unnið með kennurum grunnskólans. | Á síðasta skólaári var gert átak í að vinna með einkunnarorð skólans í gegnum daglegt starf, nám og kennslu og sérstaklega á mið- og elsta stigi. |
| | Gera heimasíðu aðgei | Uppfæra og breyta heimasíðu. | Október 2021 | Maí 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Lokið. Ný heimasíða tekin í notkun 20. október 2022. Margt efni yfirfarið og uppfært. | Lokið. Ný heimasíða tekin í notkun 20. október 2022. Margt efni yfirfarið og uppfært. Nýtt efni fer nánast beint inn á síðuna. Fréttir og viðburðir eru birtar í hverri viku. Nemendur virkjaðir í fréttaskrifum. |

# Stjórnun og fagleg forysta

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skrá þarf mat og framgang þróunarvinnu ásamt fundargerðum og gera opinberar á heimasíðu skólans. | Fagteymi skrá mat og framgang þróunarvinnu. | Júní 2021 | jún.24 | Matsteymi / Skólastjóri | Matsteymi og þróunarteymi skila skýrslu - Gera grein fyrir í starfsáætlun | Í vinnslu-Eitthvað birt í starfsáætlun 2022-2023 | Haust 2023: Allir starfsmenn grunnskólans eru boðaðir á FAGFUNDI. Fagfundir eru haldnir 1 x í mánuði allt árið. Fundargerðir fagfunda ásamt fundargerðum kennarafunda og starfsmannafunda fara inn á lokað svæði í upplýsingakerfi skólans. Þróunarvinna og framgangur hennar eru birtar í starfsáætlun skólans. Skýrsla innra mats frá síðasta ári ekki komin út. Þar mun verða gerð grein fyrir þróunarvinnu. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Birta námsvísa í öllum námsgreinum. | Kennarar vinna sameiginlega að því að skila námsvísum í Mentor. | Ágúst 2021 | September 2021 | Skólastjóri | Farið yfir allar námsgreinar í Mentor. Lokið/ólokið. | Skólanámskrá verður tilbúin 27. október 2022. Námsvísar verða allir komnir inn á nýja heimsíðu 27. október og eins inn á Mentor þann dag. Klárðist ekki vegna fyrirhugaðra breytinga á kennsluháttum, gerð námskráar og námsvísa með aðkomu Ásgarðs. | Í júlí 2023 varð gerður samningur við Ásgarð-Skólaþjónustu vegna mikilla þarfa á umbótum á námi og kennslu í grunnskólanum. Miklar breytingar eru í gangi varðandi kennsluhætti, námsvísagerð og námskrárgerð. Gerð verður grein fyrir þessu í starfsáætlun skólans sem kemur út í nóvember 2023. Gerð Námsvísa er einn af þeim þáttum sem Skólaþjónusta Ásgarðs útvegar og aðstoðar skólann að útfæra. Námsvísar verða allir birtir á heimasíðu skólans. Námsvísar fyrir grunnskólann eru tilbúnir en á þessu skólári er áætlað að námsvísar séu lifandi skjal á meðan á þróun náms og kennslu er í gangi. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| leg forysta | Gera þarf nemendur meðvitaðri um grunnþætti menntunar. | Efla þarf kynningu og umræðu á grunnþáttum menntunar meðal nemenda. Tengja og aðlaga grunnþætti í skólanámskrá og námsvísa og gera grein fyrir í starfsáætlun. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2022-2023-Vor 2024 | Skólastjóri | Umsjónar-kennarar meta - Innra mat 2022-2023(Nám og námsárangur) | Í vinnslu | Á síðasta skólaári var reynt að vinna meira með þennan þátt í daglegu skólastarfi. Grunnþættir menntunar eru fléttaði inn í námsvísa. Samþætting námsgreina er orðinn fastur þáttur í námi og kennslu og gerð grein fyrir tengslum grunnþátta menntunar við spannir í námsvísum. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun og fag | Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf. | Stjórnandi setur á dagskrá heimsóknir í kennslustundir og veitir kennurum endurgjöf. | Skólaárið 2021-2022 | Maí 2022 | Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Í vinnslu Unnið er að þróun kennsluhátta. M.a. Er unnið að aukinni samþætting námsgreina á elsta og miðstigi. | Ný staða deildarstjóra við grunnskólann var stofnuð í sumar. Deildarstjóri tekinn til starfa. Fyrstu starfsmannasamtölin hafin, skólastjóri og deildarstjóri, sitja fundi með hverjum og einum starfsmanni. Farið yfir stöðu verkefna, áskoranir og þann stuðning sem kennarar og aðrir starfsmenn telja sig þurfa. Í framhaldinu munu skólastjóri og deildarstjóri fara í áhorf í kennslustundir og meta nokkra þætti í kennslu. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að skóla- og deildarstjóra vegna kennsluhátta. Oft góð og gagnleg umræða á fundum meðal hópsins. Skólaþjónustua Ásgarðs sinnir fræðslu um LEIÐSAGNARNÁM OG LEIÐSAGNARMAT allt skólaárið 2023-2024 og áfram. Endurgjöf verður gefin eftir áhorf stjórenda. Notast verður við Plato greiningarrammann. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Birta þarf símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 á heimasíðu skólans. | Símenntunaráætlun verður birt í starfsáætlun. | Ágúst 2021 | Október 2021 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Lokið. Birt í starfsáætlun Auðarskóla 2022-2023. | Er birt í starfsáætlun 2023-2024. Starfsáætlun er á heimasíðu skólans. |
| | Auka þarf upplýsingastreymi á milli allra starfshópa innan skólans. | Reglulegir tölvupóstar/vikupóstar til allra starfsmanna. Nýta betur töflur í sameiginlegum rýmum. Nýta Mentor áfram til upplýsingastreymis. Minnt á ábyrgð starfsmanna á að lesa og kynna sér upplýsingar. | Skólaárið 2021-2022 | Maí 2022 | Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Lokið og ávallt í vinnslu. | Í skólapúlskönnun á síðasta ári, starfsmannakönnun, kom EKKI fram að starfsfólki vanti eða skorti upplýsingar. Alltaf hallar þó á stuðningsfulltrúa. Bætt hefur verið úr því með því að tengja þá og skylda þá á FAGFUNDI. Einnig eru þeir boðaðir á teymisfundi í málum einstakra nemenda. Í starfsmannasamtölum vorið 2024 kom engin ábending um að upplýsingagjöf vanti frá skólastjóra eða öðrum stjórnendum skólans. Helst var nefnt að stundum vanti upplýsingar varðandi forföll starfsmanna einhverja daga. |

## Stjórnun og fagleg forysta

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stjórnendur sjái um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk. | Móta og skrá verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála. Skoða í samhengi við stefnur skólans s.s. eineltis- og jafnréttisstefnu. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Í vinnslu. Áætlanir eru til endurskoðunar. Unnið með starfsfólki, skólaráði og fræðsluráði. | Í vinnslu. Unnið í samstarfi við skólaþjónustu Ásgarðs. Verið að skoða innleiðingu á CR ferlið sem snýr að lausn vegna vandamála nemenda. Fer saman við innleiðingu farsældar í skólanum og sveitarfélaginu. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| og fagleg forysta | Ígrunda þarf hvað veldur skoðun foreldra á stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við. | Matsteymi/Innra mat/Skólráð og fundir með foreldrum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2021-2022 | Matsteymi/ Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Niðurstöður Skólapúls veita upplýsingar um hvað betur má fara. | Niðurstöður Skólapúls vorið 2023 og vorið 2025 munu veita stjórnendum upplýsingar um hvað betur má fara. Ath! Í ytra mati 2020 kom þessi punktur fram, að skoðun foreldra á stjórnun skólans væri ekki nægilega góð. Hið sama kom einnig fram í Skólapúlskönnun vorið 2023 meðal foreldra. Ekki er um sömu stjórnendur að ræða. Mat á stöðu og ígrundun ávallt í gangi. Hvað veldur skoðun foreldra mun á þessu skólaári verða tekin í stjórnendateymi skólans með skólaþjónustu Ásgarðs. Viðbrögð við mati foreldra eru meðal annars aðkoma Ásgarðs. Á skólaárinu 2023-2024 hafa ýmsir verkferlar verið bættir í skólanum sem og upplýsingar til foreldra varðandi þá. Einnig hefur verið bætt í fræðslu fyrir foreldra og starfsmenn varðandi ýmsa þætti í skólastarfinu sem lítur að velferð og farsæld barna. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun | Leita þarf leiða til að fá fram hugmyndir og tillögur foreldra um skólastarfið. | Matsteymi/Innra mat/Skólráð og fundir með foreldrum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2022-2023 | Matsteymi/ Skólastjóri | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) | Í vinnslu. Unnið með starfsfólki, skólaráði og fræðsluráði. | Athugasemdir og mat foreldra í Skólapúlskönnun vorið 2023 hafa verið nýttar til að bæta skólastarfið. Fulltrúar í fræðslunefnd og skólaráði skólans hafa einnig verið duglegir að benda á það sem betur mætti fara. Skólaþjónusta Ásgarðs var fengin í samstarf við skólann til að auka gæði náms og kennslu, að bæta aga- og bekkjarstjórnun og auka kennslufræðilega þróun innan skólans. Kynningar á þróunarstarfi, fræðslufundir og upplýsingagjöf benda til þess að foreldrar taki almennt vel í þær breytingar. Skólinn er að stíga sín fyrstu skref í breytinga- og umbótaferli og það mun taka 3 til 5 ár að innleiða nýjar aðferðir við kennslu og námsmat. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Gera þarf upplýsingahandbók fyrir nýtt starfsfólk. | Skólastjórnendur fara fyrir um uppfærslu mótttökuáætlunar og upplýsingahandbókar. | September 2021 | Desember 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Drög starfsmannahandbókar hefur verið send öllu starfsfólki. Lokið. | Drög starfsmannahandbókar hefur verið send öllu starfsfólki. Nýtt efni og breytingar settar inn eftir þörfum af skólastjóra. Senda þarf út drögin að nýju. |

## Nám og kennsla

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Uppfæra og samræma námsvísa á námskrárvef skólans og í Mentor. | Skólastjóri og kennarar hvers stigs bera ábyrgð á að samræma námsvísa og setja inn á Mentor. | Ágúst 2021 | Maí 2022 | Stigsteymin og matsteymi | Mánaðarlegir fundir. Sjá fundadagskrá 2021-2022. | Í vinnslu. Mun ljúka vorið 2023 og viðhaldið næstu skólaár. | Í vinnslu. Sjá umræðu að ofan. Stefnt er að því að haustið 2024 fari allir námsvísar á heimasíðu skólans sem og uppfærð skólanámskrá. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nám og kennsla | Kynna betur hæfniviðmið og námsmat fyrir nemendum og foreldrum. | Tryggja að nemendur séu upplýstir um hver markmið og hæfniviðmið eru fyrir hverja námsgrein á haustin. Foreldrar fái kynningu á námsmati, áætlunum og viðmiðum á hverju ári á haustfundi. Foreldrar fá einnig tölvupóst um þessi atriði á haustin. | September 2021 | Maí 2022 | Skólastjóri og allir kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Kynningarfundur fyrir foreldra haldinn í september 2023. Learncove, ASKURINN, er upplýsingakerfi, forrit, sem Auðarskóli nýtir sér til að auka gæði Námsmats, verkefnalýsinga, hæfniviðmiða o.s.frv. Er bæði ætlað nemendum og kennurum. Unnið er að opnun fyrir foreldra. Er í höndum eigenda learncove. Kennarar senda út vikulegan póst til foreldra og þar fara inn ráðleggingar og upplýsingar m.a. um hæfniviðmið og námsmat einstakra verkefna. Er í þróun og allir kennarar, nemendur og foreldrar að læra. |
| | Gera nemendum betur grein fyrir þeim hæfniviðmiðum sem þeir standa frammi fyrir. | Tryggja að nemendur séu upplýstir um markmið og hæfniviðmið fyrir hverja námslotu. | September 2021 | Maí 2022 | Kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Með breyttum kennsluháttum og matsháttum er ekki hægt að skauta framhjá þeim hæfniviðmiðum sem nemendur standa frammi fyrir. Framsetning efnis og kynning gerir ávallt ráð fyrir kynningu á viðmið um árangur. Í umbótaferlinu er gert ráð fyrir að kennarar þjálfist enn betur í þessum vinnubrögðum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tilgreina í námsvísum hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni. | Stigsteymi mótar stefnu fyrir hvert fag. Hrindir í framkvæmd, skipuleggur og birtir. | Ágúst 2021 | Maí 2022 | Stigsteymin og matsteymi | Mánaðarlegir fundir. Sjá fundaáætlun 2021-2022. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Í vinnslu. Sjá umræðu að ofan. |
| Vinna á markvissan hátt með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda. | Er hafið með tilkomu lestrarstefnu og stærðfræðistefnu. Aukið samráð og samtal þarf að eiga sér stað meðal kennara. | Ágúst 2021 | Maí 2022 | Stigsteymin og matsteymi | Mat á námsárangri-Samantekt. Einstaklings-miðað nám. Innra mat (Nám og námsárangur) | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Í vinnslu. Sjá umræðu að ofan. Stefnt að aukinni ígrundun meðal kennara að nýta gögnin betur til umbóta á námi og kennslu. |

## Nám og kennsla

| Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Finna leiðir til að efla árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum með áherslu á stærðfræði. | Þróunarhópur um stærðfræðistefnu mótar aðgerðir til eflingar stærðfræðikennslu með árangur nemenda að leiðarljósi. Verður skoðað í samhengi við þróun nýrra samræmdra prófa. | Hófst haustið 2020 | Skólaárið 2022-2023 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Stærðfræðistefna Auðarskóla er nokkurn veginn tilbúin. Breyttir kennsluhættir í þróun og eru allir starfsmenn grunnskólans, ásamt öllum nemendum og foreldrum að læra á nýtt kerfi og nýjar áherslur. Sjáum það eftir nokkur ár hvort að sú þróun leiðir til betri árangurs. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nám og kennsla | Gera betur grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá. | Skýra þarf viðmið um árangur í skólanámskrá, sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni skráð og öllum aðgengileg. Námsmat sé fjölbreytt og taki mið af kennsluháttum. Tengist viðmiðum um hlutfall kennsluhátta og mati á þeim. | Endurskoðun námsmats hefst skólaárið 2021 | Skólaárið 2022-2023 | Skólastjóri og allir kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Í vinnslu. Skólanámskrá í vinnslu með stuðningi Ásgarðs. |
| | Skólinn móti sér stefnu sem leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta. | Kennarar móta og setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. | Vorönn 2022 | Ágúst 2022 | Skólastjóri og allir kennarar | Lokið/ólokið | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Í þróun: Starfsmenn eru í þjálfun við að þróa og móta árangursríkari kennsluhætti. Samþætting námsgreina einn liður í því. |
| | Nýta betur samþættingu námsgreina til meiri fjölbreytni og nýsköpunar í kennsluháttum. | Kennarar móta fyrirkomulag um samþættingu námsgreina. Leggja þarf áherslu á að samþætting námsgreina komi skýrt fram í kennsluáætlunum. Settir hafa verið þemadagar þvert á aldursstig. | Vorönn 2022 | Vorönn 2023 | Skólastjóri og allir kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Hafið. Á skólaárinu 2022-2023 var gerð tilraun með að keyra á samþætt verkefni á mið- og yngsta stigi. Í ár upphitun lokið og nú er keyrt á 6 stór samþætt verkefni yfir allt skólaárið. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Gæta að því að fram komi í verkefnalýsingum hvaða hæfniviðmið nemendur séu að vinna með hverju sinni og að gera þeim grein fyrir hver viðmið um árangur eru. | Tryggja að nemendur séu upplýstir um markmið og hæfniviðmið fyrir hverja námslotu. | September 2021 | Maí 2022 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur-Áætlun) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Í þróun: Samþætt verkefni gera ráð fyrir fjölbreyttum hæfniviðmiðum og fá nemendur greinagóðar útskýringar á þeim miðað við viðfangsefni og hvaða þætti er verið að þjálfa og auka færni nemenda í. Námsvísar eru vegvísar í þeirri vinnu. ASKURINN hefur að geyma öll samþættu verkefnin, lýsingar, markmið, námsmat, hæfniviðmið o.s.frv. Kennarar og nemendur hafa aðgang að honum. |

# Nám og kennsla

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Leggja meiri áherslu á að allir nemendur skólans fái markvissa kennslu í setja sér markmið í námi og geri það reglulega. | Auka vinnu og þjálfun nemenda í að setja sér markmið og fylgja þeim eftir.<br>Kennarar miðstigs og elsta stigs kenna markvisst markmiðasetningu.<br>Í stundatöflu er gert ráð fyrir kennslustundum í markmiðasetningu. | September 2021 | Maí 2022 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Lokið og í vinnslu. Unnið með kennurum. | Á skólaárinu 2022-2023 fengu nemendur á mið- og elsta stigi sérstaka tíma í stundatöflu til að þjálfa markmiðagerð, vinna eftir þeim, endurskoða og setja sér ný. Þessari vinnu verður haldið áfram á þessu ári. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nám og kennsla | Leggja áherslu á að nemendur fái markvissa kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif. | Gefa nemendum aukin tækifæri á að koma sjónarmiðum á framfæri t.d. Í samvinnunámi, á bekkjarfundum og í nemendaráði. | September 2021 | Maí 2022 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Spurningalistar til nemenda apríl 2022 | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Í hverri viku eru BEKKJARFUNDIR á dagskrá og kennarar vinna eftir þeim markmiðum sem bekkjarfundir eiga að snúast um. Nemendafélag eru virkt og þaðan koma ábendingar og athugasemdir sem stjórnendur taka til afgreiðslu eða framkvæmda. Fulltrúar nemenda eru virkir í skólaráði og fá þeir kynningu og þjálfun í að koma málum sínum á framfæri. |
| | Auka þarf markvisst sa | Kennarar auka þekkingu og færni sína í samvinnunámi og skipuleggi fleiri hópaverkefni. | Haustönn 2021 | Maí 2023 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Samvinnunám er stöðugt í þróun og endurskoðun. Nemendur vinna í hópum, skila hópaverkefnum, geta valið sig í hópa. Samvinna nemenda hefur mikið verið notuð síðustu ár. Þarf að formgera betur svo að nemendur sjálfir átti sig á hlutverki sínu og ábyrgð í slíkri vinnu. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Setja þarf meiri ábyrgð á nemendur varðandi val á viðfangsefnum, útfærslu á verkefnum og námsaðferðum. | Tilraun verður gerð með nemendastýrð verkefni og aukin áhersla á samvinnunám. | Haust 2021 | Ótímabundið | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. | Með nýjum aðferðum í kennslu hafa möguleikar nemenda verið útvíkkaðir til muna. Í samþættum verkefnum er gert ráð fyrir fjölbreyttum möguleikum á viðfangsefnum, útfærslum og námsaðferðum. Ábyrgð nemenda á námi er þjálfuð frá 4. bekk og smám saman er ábyrgð þeirra á námi aukin. |
| Skipuleggja betur tíma stuðningsaðila þannig að hann nýtist sem best. | Skipuleggja stundatöflur og vinnuramma stuðningsfulltrúa miðað við starfshlutfall og þörf. | Nú þegar hafið. | Vorönn 2022 | Umsjónar-kennari og verkefnastjóri sérkennslu. | Metið með samtölum og sett inn í verklýsingu um sérkennslu. | Lokið. Skipulag stuðningsfulltrúa unnið af skólastjóra og verkefnastjóra sérkennslu. | Lokið. Skipulag stuðningsfulltrúa unnið af skólastjóra, deildarstjóra og verkefnastjóra sérkennslu. Stuðningsfulltrúar fá þjálfun og fræðslu um þann stuðning sem þeir sinna. Þeir sitja námskeið og fræðslufundi. Allir fulltrúar með fastmótaða stundatöflu. |

## Nám og kennsla

| Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nám og kennsla | Gæta þarf þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. | Endurskoða fyrirkomulag valgreina reglulega og tryggja að sá tími sem tilgreindur er í viðmiðunarstundatöflu falli í skaut nemenda. | Nú þegar hafið. | Vorönn 2022 | Matsteymi/ Skólastjóri | Birt í stundatöflum og í námskrá. | | Smiðjuhelgar keyrðar tvisvar sinnum á ári. Val er sett inn í stundatöflu elstu nemendanna og snýst um leiksýningar og viðburði á sviði: Sviðslistir, tækni, verklegar námsgreinar. |
| | Tryggja öllum nemendum skólans tónmenntakennslu í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. | Skólastjóri óskar eftir að auglýst sé eftir tónmenntakennara árlega. Yfir 60% nemenda sækja tónlistarnám í Auðarskóla. | Skólaárið 2021-2022 | Þegar tónmennta-kennari fæst til starfa. | skólastjóri | Lokið/ólokið | Lokið. Tónmenntakennari hóf störf við grunnskólann 18. ágúst 2022. Kennsla á yngsta- og miðstig, 1 kest. á viku allan veturinn. | Lokið. Tónmenntakennari hóf störf við grunnskólann 18. ágúst 2022. Kennsla á yngsta- og miðstig, 1 kest. á viku allan veturinn. |
| | Huga þarf að því að nemendur í tónlistarskólanum missi ekki ávallt af kennslustundum í sama fagi. | Tónlistarkennarar og stjórnendur finna skipulag sem kemur best út fyrir hvern nemenda fyrir sig. | Nú þegar hafið. | Vorönn 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | | Tónlistarkennsla verður áfram bundin við fastar kennslustundir f. hvern nemanda. Erfitt reynist að breyta því vegna áhrifa á annað skipulag í kennslu grunnskólans. Hefur ekki stór áhrif á árangur nemenda að mati flestra hagsmunaaðila. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjá þarf til þess að upplýsingar um ákvarðanir nefnda og ráða sem nemendur eru kjörnir í séu aðgengilegar öðrum nemendum. | Nemendur í skólaráði/nemendafélagi og öðrum ráðum kynna hlutverk sín í upphafi skólaárs. Eftir hvern fund eiga fundargerðir að vera birtar nemendum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2022-2023 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Í vinnslu. Á nýrri heimasíðu er gert ráð fyrir að fundargerðir verði settar inn f. hvert ráð. | Allar fundargerðir eru skráðar og aðgengilegar. Niðurstöður almennt vel kynntar nemendum. |
| Skoða þarf niðurstöður Lesferils og finna leiðir til að efla lesfimi. | Nú þegar hafið. Að fylgja eftir áherslum í læsisstefnu skólans og leggja mikla áherslu á samvinnu heimilis og skóla. | Ágúst 2021 | Maí 2024 | Umsjónar-kennarar/ Verkefna-stjóri sérkennslu/ Skólastjóri | Samkvæmt læsisstefnu skólans 2019 Endurskoða læsisstefnu skólans/ Skólanámskrá metin í heild sinni skólaárið 2021-2022 | Lestrarfærni, kennsluhættir og samstarf við foreldra endurskoðað að vori 2023. | Lestrarfærni og kennsluhættir í skoðun í samhengi við aðra skólaþróun og árangur nemenda. Endurskoðun læsisstefnu verður tekin fyrir á þessu skólaári. |

## Innra mat

| Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar-aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 | **Staðan október 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kynna formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum innra mat skólans. | Nemendur, foreldrar og fræðsluyfirvöld fá sérstaka kynningu á hverju ári á niðurstöðum innra mats. | Haust 2021 | Maí 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Unnið með skólaráði og fræðslunefnd. | Starfsmenn og fræðlunefnd fengu formlega kynningu á niðurstöðum. Náðist ekki með skólaráði. Gerðist ekki með foreldrum. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur. | Efla fræðslu, ábyrgð og aðkomu nemenda og foreldra á innra mati. Kynna niðurstöður innra mats reglulega. | Vorönn 2022 | Skólaárið 2023-2024 | Matsteymi/ Skólastjóri | Nöfn og hlutverk matsteymis hvers skólaárs á að birta í starfsáætlun ár hvert. | Unnið með skólaráði. | Hefur enn ekki gerst. Ekki lögð áhersla á að matsteymi sé sett saman með þessum hætti. Mjög virkt samtal skólastjóra, sveitarstjóra og formanns fræðslunefndar og fræðslunefndarfulltrúa um niðurstöður innra mats. Stjórnendur og fræðsluyfirvöld nýta innra mat til skólaþróunar. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innra mat | Virkja foreldra og nemendur til undirbúnings og útfærslu innra mats ásamt umbóta og þróunarvinnu. | Kalla eftir hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið meðal annars með aðferðum innra mats. | Vorönn 2022 | Skólaárið 2023-2024 | | Innra mat 2022-2023/Innra mat 2023-2024 | Unnið með skólaráði. | Niðurstöður Skólapúlskönnunar foreldra 2022 kallaði á aðgerðir og viðbrögð. Aðkoma skólaþjónustu Ásgarðs var einn liður í að bæta skólastarfið og auka gæði skólans. Fundir skólaráðs hafa einnig verið nýttir til kalla fram hugmyndir um það sem betur má fara í skólastarfinu. Foreldrafélag skólans hefur einnig í auknum mæli komið sterkt inn með fræðsluerindi sem nýtast nemendum, foreldrum og skólanum. Gott samstarf á milli skólans annars vegar og fræðslunefndar, skólaráðs, nemendafélagsins og foreldrafélagsins hinsvegar. |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Meta stefnu skólans reglulega með markvissum hætti. | Stefna skólans metin reglulega, yfirfærð og uppfærð. Í júní 2021 hófst innleiðing jákvæðrar skólafærni sem stefnt er að vinna eftir í framtíðinni. Í fyrstu verður sjónum beint að innleiðingu og færnivinnu meðal starfsmanna. Í kjölfarið verður færni nemenda aukin. | Júní 2021 | Símat. Þegar innleiðingu skólafærninnar lýkur og verður viðhaldið. | Skólastjóri / matsteymi | Innra mat næstu ára-Tengist mörgum þáttum í langtíma-áætlun skólans. | Unnið með skólaráði og fræðslunefnd. | Ný menntastefna Dalabyggðar er í drögum og munu allir hagsmunaðilar fá tækifæri til að koma að henni og hafa áhrif. Stefna skólans og menntastefna eiga að birta stefnu Dalabyggðar í skólamálum og skólans og endurspegla þróunarstarfið sem á sér stað og markmið skólans. Áætlað er að ný menntastefna Dalabyggðar verði útgefin vorið 2024. |
| | Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans. | Matsteymi útfærir aðkomu skólaráðs. | Ágúst 2021 | Apríl 2022 | Skólastjóri / matsteymi | Lokið/ólokið | Unnið með skólaráði. | Hefur ekki verið virkjað nægilega mikið og ekkert gert með markvissum hætti. |
| | Mat á innleiðingu jákvæðrar skólafærni (7 venjur-Leiðtoginn) verður sett inn í matsáætlun fyrir skólaárið 2021-2022. | Starfsmenn meta innleiðingarferlið og áhrif nýrrar stefnu. | Apríl 2022 | Júní 2022 | Matsteymi | Spurningalistar til starfsmanna | | Innleiðingaferlið hófst 2022-2023. Ekki hafið en starfsmenn minntir af og til að venjurnar í vikupóstum og á fundum. Stefnt að áframhaldandi innleiðingu í skólastarfinu. Verður tengt við menntastefnu sveitarfélagins og skólareglur. |